

Priðji fundur 2010 var haldinn að Breiðabliki 15. febrúar kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Halldór Jónsson, Guðbjartur Gunnarsson, Svanur Guðmundsson og Jón Oddsson. Einnig voru mættir áheyrnarfulltrúar í skóla og fræðslunefnd Laugargerðisskóla þau Kristín Guðmundsdóttir skólastjóri, Sigrún Ólafsdóttir gjaldkeri, Halla Guðmundsdóttir fulltrúi kennara og Sigríður Sigurðardóttir fulltrúi skólaráðs.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
Svanur ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skólamál:

1. Farið yfir málefni Laugargerðisskóla. Samþykkt að loka fundinum meðan væri verið að fjalla um þennan málslið. Eggert og Kristínu falið að vinna að málinu áfram.
2. Farið yfir fjárhagsáætlun skólans. Farið yfir áætlunina, samþykkt að forgangsraða verkefnum og fá kostnaðartölur á þau fyrir næsta fund.
3. Umsókn um skólavist. Afgreiðslu frestað fram yfir kennarafund. Oddvita falið að kanna lagalega skyldu sveitarfélagsins til að taka við utansveitarnemendum.

Þessar bókanir lesnar upp og samþykktar, síðan yfirgáfu áheyrnarfulltrúar fundinn.

Sigríður Jóna Sigurðardóttir (sign)

Halla Guðmundsdóttir (sign)

Kristín Björk Guðmundsdóttir (sign)

Sigrún Ólafsdóttir (sign)

Fundargerðir:

1. Fundargerð SSV frá 3. febrúar 2010.
2. 771 fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Fundargerð héraðsráðs Snæfellinga frá 8. febrúar 2010.
4. Fundargerð 37. fundar Menningarráðs Vesturlands frá 28. janúar 2010 lögð fram.

Til afgreiðslu:

1. Bréf dagsett 9. febrúar 2010 og varðar yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Samþykkt
2. Menningarsamningur Vesturlands drög. Engar athugasemdir gerðar við drögin
3. Þriggja ára fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaholtshrepps, seinni umræða. Umræðunni frestað.
4. Bréf dagsett 12. febrúar frá SSV og varðar eflingu sveitarstjórnarstigs – sameiningarmál. Samþykkt að taka þátt í þessu verkefni. Oddviti tilnefndur í nefndina.
5. Bréf frá Margréti Björk Björnsdóttir atvinnuráðgjafa og varðar heimilisiðnaðareldhús að Breiðabliki. Samþykkt að oddviti kanni þetta mál nánar.

Til kynningar:

1. Bréf dagsett 9. febrúar og varðar Frumkvöðul Vesturlands 2009.
2. Fundarboð á aðalfund Héraðsnefndar Snæfellinga 2. mars.
3. Íbúaskrá sveitarfélagsins frá 1. desember 2009 lögð fram. Íbúar 1. desember 139
4. Ársreikningar Menningarráðs Vesturlands v. 2009 lagðir fram